



Kópavogur 2030 – áfram í sókn!

Kópavogur 2030 – áfram í sókn!

Áframhaldandi samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks byggir á sameiginlegri sýn um að Kópavogur verði áfram farsælt sveitarfélag í fremstu röð, þar sem lífsgæði íbúa eru ávallt höfð að leiðarljósi.

Áherslur okkar endurspegla skýra framtíðarsýn: að einfalda líf íbúa, styðja við fjölskyldur, tryggja góða grunnþjónustu og halda áfram markvissri uppbyggingu sem skapar góð skilyrði fyrir öflugt og lifandi samfélag í öllum hverfum bæjarins. Undir okkar forystu verður Kópavogur áfram eftirsóknarvert sveitarfélag þar sem fólk á öllum aldri kys að búa, starfa og njóta lífsins.

Meirihlutasáttmálinn okkar byggir á sjö megináherslum sem fela í sér um fimmtíu og fimm verkefni sem verða sett í forgang á kjörtímabilinu.

Verkefnin eiga það sameiginlegt að auðvelda daglegt líf íbúa, bæta þjónustu og gera frábæran bæ enn betri fyrir komandi kynslóðir.

Ásdís Kristjánsdóttir,
oddviti Sjálfstæðisflokksins

Orri Vignir Hlöðversson,
oddviti Framsóknarflokksins

1. Ábyrgur rekstur er grunnur velferðar

Góður rekstur er forsenda þess að veita megi fyrsta flokks þjónustu sem mætir þörfum íbúa. Undanfarin ár hefur bærinn verið vel rekinn og aðhalds gætt í rekstri hans. Skuldir Kópavogsbæjar hafa lækkað og fjárhagur styrkst á sama tíma og skattar á íbúa og fyrirtæki hafa lækkað og gjaldskrár verið stillt í hóf. Þannig verður það áfram undir okkar forystu. Við viljum skapa svigrúm til fjárfestinga í innviðum sem þjóna komandi kynslóðum.

Verkefni sem við stöndum saman að:

1. Lægri fasteignaskattar

Við ætlum að tryggja góðan rekstur og að afraksturinn skili sér til heimila í formi betri þjónustu og lægri skatta. Stefnan er að fasteignagjöld í Kópavogi verði áfram þau lægstu á höfuðborgarsvæðinu.

2. Ábyrgur rekstur og skynsamleg forgangsörðun

Við förum áfram vel með fjármagn skattgreiðenda með skýrri forgangsörðun, áframhaldandi niðurgreiðslu skulda, rekstri og lægri sköttum. Við ætlum að efla innkaupastýringu bæjarins, auka yfirsýn yfir kostnað og tryggja hagkvæm innkaup. Jafnframt viljum við meta hvar samstarf við einkaaðila getur skilað betri þjónustu og aukinni hagkvæmni.

3. Einfaldari samskipti við bæinn

Við viljum að íbúar og fyrirtæki geti sinnt sínum málum á einum stað í gegnum „Minn Kópavog“. Með einfaldari stjórnsýslu, styttri afgreiðslutíma, bættri stafrænni þjónustu og skýrum mælanlegum markmiðum munum við auka gæði þjónustunnar við íbúa.

4. Heita vatnið í Kópavogi

Við ætlum að skoða möguleika á auknu sjálfstæði í hitaveitumálum fyrir Kópavogsbúa. Markmiðið er einfalt, að lækka kostnað heimila og fyrirtækja. Vinnan hefst strax árið 2026.

2. Grunnur að bjartri framtíð

Við leggjum áherslu á að skólar Kópavogs séu ávallt í fremstu röð og leiðandi í umbótum í skólastarfi. Markmið okkar er að skapa börnum og ungmennum bestu mögulegu skilyrði til náms, þroska og þátttöku í samfélaginu og leggja þannig grunn að bjartri framtíð þeirra.

Verkefni sem við stöndum saman að:

5. Fjölbreytt rekstrarform í skólum Kópavogs

Við viljum áfram stuðla að fjölbreyttu rekstrarformi í leik- og grunnskólum og tryggja jafnræði og gæði óháð rekstrarfyrirkomulagi.

6. Fjölga faglærðum grunnskólakennurum

Við munum styðja leiðbeinendur til náms með sambærilegum hætti og gert hefur verið með góðum árangri í leikskólum Kópavogs.

7. Skýrari mælikvarðar á námsárangur

Við viljum innleiða fleiri samræmd próf og styrkja mat á námsframvindu nemenda. Jafnframt leggjum við áherslu á að foreldrar hafi gott aðgengi að upplýsingum og aukið tækifæri til að styðja við nám barna sinna að heiman.

8. Fartölvur á unglingastigi

Við ætlum að tryggja nemendum á unglingastigi aðgang að fartölvum sem styðja við nám þeirra og undirbúning fyrir framhaldsskóla.

9. Áhrif spjaldtölvukennslu greind

Við ætlum að fara strax í að rýna í áhrif spjaldtölvukennslu og greina heildaráhrif notkunar, með áherslu á námsárangur, velferð barna og hóflegan skjátíma barna.

10. Íslenskuver fyrir börn með annað móðurmál

Við munum efla móttökuver og markvissa íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna þannig að þau fái sterkari grunn og séu betur undirbúin fyrir almennt nám.

2. Grunnur að bjartri framtíð

11. Einfaldara upplýsingaflæði til foreldra

Við viljum innleiða nýtt námsumsjónarkerfi og sameina upplýsingar um skóla- og frístundastarf á aðgengilegri hátt.

12. Mæta þörfum barna í námi

Við viljum endurhugsa stuðningskerfi grunnskóla til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og breytt samfélag. Mikilvægt er að bæði börn sem þurfa aukinn stuðning og bráðger börn fái viðeigandi námstækifæri. Þá viljum við kanna sérskólaúrræði í samstarfi við stjórnvöld og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

13. Fjölga valgreinum í grunnskólum

Við viljum auka valkosti og frelsi skóla til að bjóða fjölbreyttari valfög sem undirbúa nemendur undir framhaldsskóla. Dæmi um valfög væru m.a. á sviði fjármálalæsis, raungreina, tæknimenntunar og verknáms, án þess þó að það komi niður á kjarnafögum.

14. Skemmtilegur og lifandi skólabragur

Við viljum efla samstarf heimila og skóla, styðja við bekkjarstarf og samfélagsviðburði og nýta skólabyggingar betur sem samkomustaði í nærumhverfinu.

15. Öflug frístund fyrir öll börn

Við munum vinna að því að frístundastarf sé fullmannað frá upphafi skólaárs og tryggja stöðugleika í þjónustunni.

16. Stöndum vörð um Kópavogsmódelið

Við ætlum að tryggja að leikskólar í Kópavogi verði áfram eftirsóttir vinnustaðir, með stöðuga mönnun og áreiðanlega þjónustu. Jafnframt munum við standa vörð um jafnt aðgengi og tryggja að tekjulægstu heimilin njóti áfram rausnarlegs stuðnings.

17. Heimgreiðslur frá 12 mánaða aldri

Við munum áfram bjóða upp á heimgreiðslur en lækka aldurinn og miða þær við börn frá 12 mánaða aldri.

3. Fallegur bæjarbragur

Við skipuleggjum Kópavog af framsýni, með lífsgæði íbúa og sérstöðu hverfa að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að byggja upp lifandi samfélag sem mætir ólíkum þörfum íbúa á öllum aldri.

Verkefni sem við stöndum saman að:

18. Endurskoðum vaxtarmörk Kópavogs

Til að Kópavogur geti haldið áfram að vaxa og þróast viljum við endurskoða vaxtarmörk bæjarins og tryggja þannig svigrúm fyrir skynsama og hagkvæma uppbyggingu til framtíðar.

19. Lifandi miðbæjarkjarnar í rótgrónum hverfum

Við ætlum að stuðla að öflugu mannlífi með áframhaldandi uppbyggingu miðbæjarkjarna í Hamraborg og Smára.

20. Auðbrekkan kláruð

Við viljum ljúka skipulagi og uppbyggingu svæðisins þannig að það verði til sóma og nýtist betur íbúum og atvinnulífi.

21. Fjölbreyttur menningar- og lýðheilsukjarni í Kórnum

Við ætlum að þróa Kórin sem öflugan þjónustukjarna þar sem íþróttir, menning, bókasafnsþjónusta og afþreying mynda saman lifandi miðpunkt fyrir íbúa á öllum aldri.

22. Bílastæði sem mæta þörfum íbúa og fyrirtækja

Við viljum tryggja að nægilegt framboð bílastæða fylgi uppbyggingu í bænum og að skipulagsákvæði um bílastæðahlutföll séu endurskoðuð þar sem þörf er á.

23. Líflegra mannlíf í efri byggðum

Við viljum skipuleggja Vatnsendahlíðina með það að markmiði að styrkja samfélagið í efri byggðum og skapa lifandi miðkjarna sem eykur tengsl milli hverfa og styður við öflugt mannlíf.

3. Fallegur bæjarbragur

24. Lífsgæðakjarna fyrir fólk á þriðja æviskeiði

Við sjáum tækifæri til að þróa þjónustu- og búsetukjarna fyrir eldra fólk í Gunnarshólma og Geirlandi með áherslu á sjálfstæða búsetu og aukin lífsgæði.

25. Búsetukjarnar fyrir fatlað fólk og skammtímadvöl barna

Við ætlum að halda áfram uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk og vinna markvisst að því að stytta biðlista í velferðarþjónustu. Jafnframt viljum við tryggja skammtímadvöl fyrir fötlud börn.

26. Standa vörð um séreignastefnuna

Í allri uppbyggingu munum við tryggja fjölbreytt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra heimila. Við viljum jafnframt styðja tekjulægri fjölskyldur í félagslegu húsnæði til kaupa á eigin húsnæði þegar aðstæður leyfa. Á sama tíma verður áfram byggt upp og viðhaldið framboði félagslegs húsnæðis svo fleiri hafi aðgang að öruggu heimili.

27. Blómlegra Kársnes með yndishöfn

Við viljum vernda sérstöðu Kársness og sögu og fylgja eftir framtíðarsýn fyrir svæðið með uppbyggingu á aðstöðu fyrir sjóböð, útivist og siglingar. Samhliða munum við bæta aðstöðu siglingaklúbbsins Ýmis í tengslum við breytingar á svæðinu vegna tilkomu Fossvogsbrúar.

28. Stúdentaíbúðir á Kársnesi

Við viljum tryggja uppbyggingu stúdentaíbúða á Kársnesi í nálægð við helstu háskólasvæði höfuðborgarsvæðisins og góðar almenningssamgöngur.

4. Örugg leið heim

Við leggjum áherslu á greiðar og öruggar samgöngur fyrir alla. Öryggi barna í umferðinni er okkur sérstaklega mikilvægt. Leiðin heim á að vera bæði greið og örugg, óháð því hvort fólk gangi, hjóli, noti almenningssamgöngur eða ferðist á bíl.

Verkefni sem við stöndum saman að:

29. Stöndum vörð um fjölskyldubílinn samhliða öðrum valkostum

Við ætlum að halda áfram að byggja upp samgöngumannvirki sem mæta ólíkum þörfum Kópavogsbúa, hvort sem þeir eru hjólandi, gangandi, akandi eða nýta almenningssamgöngur. Uppbygging samgangna skal taka mið af mismunandi ferðamátum og skal ekki vera á kostnað þeirra fjölskyldna sem þurfa að reiða sig á einkabílinn. Við teljum mikilvægt að finna skynsama útfærslu á Borgarholtsbrautinni sem á sama tíma bætir umferðaröryggi og aðgengi án þess að skerða gæði íbúa sem þar búa.

30. Hagkvæm akstursþjónusta

Við viljum finna leiðir til að tryggja hagkvæma og góða samninga um ferðaþjónustu fatlaðs fólks og skólaakstur, með það að markmiði að bæta þjónustu og nýta fjármagn sem best.

31. Endurskoðun innanbæjarleiða Strætó

Við viljum endurskoða leiðakerfi almenningssamgangna innan Kópavogsbæjar til að tryggja betri tengingar milli hverfa og mikilvægra þjónustukjarna.

32. Göngu- og hjólabrú yfir Reykjanesbraut

Við ætlum að tengja Linda- og Smárahverfi saman með öruggri brú fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Við viljum samhliða skoða möguleika á að einkaaðilar fjármagni Reykjanesbrautina í göngum í samstarfi við stjórnvöld.

4. Örugg leið heim

33. Öruggar skólagötur

Við ætlum að efla umferðaröryggi í samráði við íbúa. Jafnframt viljum við draga úr hraðakstri og auka eftirlit við skólagötur með hraðamælingum.

34. Heildstætt göngu- og hjólastíganet á Kársnesi

Með tilkomu Fossvogsbrúar er mikilvægt að tryggja betur öryggi gangandi og hjólandi. Við viljum klára uppbyggingu samfellds stíganets og leita lausna sem samræma þarfir íbúa

35. Göngustígur um Elliðavatn

Við ætlum að klára göngustíg í kringum vatnið og tengja við stígakerfi Reykjavíkur.

36. Hjóla- og rafskútustæði

Við munum fjölga hjóla- og rafskútustæðum, meðal annars við sundlaugar, skóla og aðra fjölsóttu staði. Með því bætum við aðgengi, stuðlum að betri umgengni í almannarými og drögum úr því að rafskútur séu skildar eftir á göngustígum og götum.

5. Meiri lífsgæði og betri lýðheilsa

Öflugt íþróttalíf er meðal þess sem Kópavogsbúar eru hvað stoltastir af. Við ætlum að halda áfram að byggja á þeim sterka grunni sem til staðar er og skapa enn fleiri tækifæri til hreyfingar, þátttöku og bættrar lýðheilsu íbúa.

Verkefni sem við stöndum saman að:

37. Höldum áfram að hækka frístundastyrkinn

Við munum tryggja að frístundastyrkurinn taki mið af verðlagsþróun og að fyrirkomulag styrkja til íþrótt- og tómstundastarfs verði endurskoðað reglulega.

38. Lengri helgaropnun sundlauga og regluleg miðnæturopnun

Við ætlum að lengja opnun sundlauga um helgar og bjóða reglulega upp á miðnæturopnun til að mæta þörfum íbúa og efla lýðheilsu.

39. Hraustir eldri borgarar með stuðningi frá Kópavogsbæ

Áfram munum við styðja við heilsueflingarverkefni fyrir eldri borgara, svo sem „Virkni og vellíðan“ og sundleikfimi. Einnig viljum við þróa markvissa heimahreyfingu fyrir þá sem eiga erfitt með að sækja slíkt starf. Þannig stuðlum við að aukinni hreyfingu, bættri líðan og auknu sjálfstæði eldri borgara um leið og við vinnum gegn einmanaleika.

40. Líkamsræktar- og endurhæfingarstöð í Kórnum

Við ætlum að bjóða út rekstur í kjallara Kórsins til endurhæfingar og líkamsræktar þannig að húsnæðið nýtist betur íbúum hverfisins.

41. Útiæfingasvæði í öllum hverfum

Við ætlum að fjölga útiæfingasvæðum og tryggja gott aðgengi að þeim í öllum hverfum Kópavogs.

42. Könnun möguleika á nýjum golfvelli

Við ætlum að kanna möguleika á uppbyggingu nýs golfvallar í samstarfi við GKG.

5. Meiri lífsgæði og betri lýðheilsa

43. Nýtt íþróttahús í efri byggðum

Við munum hefja undirbúning að uppbyggingu nýs íþróttahúss í efri byggðum. Með því skapast aukin tækifæri fyrir körfubolta, blak, handbolta og aðra íþróttastarfsemi á svæðinu auk þess sem aðstaða íþróttafélaganna í bænum verður bætt.

44. Heildarsýn íþróttasvæðisins í Smáranum

Við ætlum að endurskoða skipulag íþróttasvæðisins í Smáranum með það að markmiði að nýta það sem best og styrkja það sem öflugan miðpunkt íþróttar og hreyfingar í bænum. Samhliða munum við bæta aðstöðu og aðbúnað fyrir Breiðablik og móta framtíðarsýn fyrir Kópavogsvöll og nærliggjandi mannvirki.

45. Móta heildarsýn á svæði Spretts

Við munum ráðast í byggingu félagshesthúss á félagssvæði hestamannafélagsins Spretts ásamt því að efna til samráðs við félagið um heildarsýn á framtíðaruppbyggingu á starfssvæði félagsins.

46. Virkniþing fyrir börn og ungmenni

Við viljum auka fjölbreytileika í skipulögðu íþróttastarfi með því að auka sýnileika valkosta og kynna íþróttir fyrir börn og ungmenni í samstarfi við skóla Kópavogs.

6. Lífsgæði sem við ræktum

Dalir og grænu svæðin í bænum eru ómetanlegar auðlindir Kópavogsbúa. Við viljum vernda þau, styrkja enn frekar og fegra þannig að þau nýtist sem best til útivistar, samveru og heilsueflingar.

Verkefni sem við stöndum saman að:

47. Lifandi Kópavogsdalur – fjölskyldugarður í dalinn

Samhliða því að Sorpa flytur af Dalvegi munum við fylgja eftir fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu og efla þannig Kópavogsdal sem útivistar- og fjölskyldusvæði. Jafnframt viljum við efla leik-, útivistar- og samverusvæði í dalnum, meðal annars í kringum Smárahvammsvöll.

48. Stöndum vörð um græn svæði og tryggjum skjól

Við ætlum að efla enn frekar græn svæði og auka trjágróður til að skapa skjól og bæta umhverfið. Meðal annars ætlum við að auka gróður í kringum menningargarðinn við Gerðarsafn til að tryggja öryggi, skapa meira skjól og bæta upplifun gesta.

49. Baðaðstaða við Elliðavatn

Við ætlum að kanna möguleika á uppbyggingu á bað- og saunaðstöðu við Elliðavatn í samstarfi við einkaaðila.

50. Útsýnispallur í Vatnsendahvarfi og á Kársnesi

Við viljum gera hæsta og vestasta punkt Kópavogs að áhugaverðum áfangastöðum með uppbyggingu útsýnispalla. Þannig tengjum við svæðin saman með skemmtilegum hætti.

51. Ævintýraheimur að erlendri fyrirmynd við Guðmundarlund

Við viljum nýta betur þetta einstaka útivistarsvæði með uppbyggingu ævintýralegra leik- og útivistarsvæða að fyrirmynd sambærilegra svæða erlendis. Skapa svæði þar sem börn og fullorðnir geta notið samveru og leiks.

7. Saman erum við Kópavogur

Við ætlum að byggja upp lifandi menningarlíf með hátíðum og viðburðum sem færa Kópavogsbúa nær hver öðrum.

Verkefni sem við stöndum saman að:

52. Árleg Kópavogsbæjarhátíð

Við munum halda bæjarhátíð á hverju ári.

53. Sameiginlegt viðburðadagatal fyrir Kópavogsbúa

Við ætlum að tryggja heildstætt dagatal yfir viðburði bæjarins, íþróttafélaga og annarra samfélagsaðila.

54. Kópavogskort fyrir Kópavogsbúa

Við munum innleiða Kópavogskortið sem veitir afslátt af viðburðum, afþreyingu og íþróttaiðkun í bænum. Þannig lækkum við kostnað íbúa á fjölbreyttri þjónustu og þátttöku í samfélaginu.

55. Kópavogshlaupið – frá fjöllum til byggðar

Við munum styðja við að árlegt utanvegahlaup verði haldið frá Bláfjöllum niður í Kópavogsdal. Hlaupið eflir útivist um leið og það vekur athygli á náttúru og byggð bæjarins.

Kópavogur 6. júní 2026

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins,
Ásdís Kristjánsdóttir
Hjördís Ýr Johnson
Andri Steinn Hilmarsson
Elísabet Sveinsdóttir
Guðmundur Jóhann Jónsson
Hildur Einarisdóttir
Karen Rúnarsdóttir, varabæjarfulltrúi

Bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins,
Orri Vignir Hlöðversson
Björg Baldursdóttir, varabæjarfulltrúi